

Sp.

36. Fyrirspurn

[36. mál]

til viðskiptaráðherra um innflutningstolla Efnahagsbandalagsins á saltfiski og skreið.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Með hvaða hætti hefur viðskiptaráðherra beitt sér til þess að knýja á um að Efnahagsbandalagið falli frá ákvörðun sinni frá því í desember s.l. um að leggja innflutningstoll á saltfisk og skreið?
2. Hver eru áform ráðherra um áframhaldandi meðferð málsins af hálfu Íslands?